Skeldýr – opnun veiðisvæða

Framkvæmd

Aðgerð	Úttak	Ábyrgð og framkvæmd
1.Umsókn	Málakerfi	1. Umsækjandi fyllir út rafræna umsókn um uppskeruheimild í þjónustugátt MAST; http://umsokn.mast.is. Þegar umsækjandi velur aðgerðina “senda” er mál stofnað sjálfkrafa í málakerfi undir viðskiptavini (fyrirtæki). - Heiti máls verður “Uppskeruheimild í xxxx”, xxxx er lýsandi fyrir svæði, málalykill er 5.6.3 Uppskeruheimild (SKRA-097). - Þjónustugátt sendir staðfestingu á móttöku umsóknar. Umsókn er send sjálfkrafa til móttökuaðila (fagsviðstjóra skelfisks (FS) sem er skilgreindur undir viðeigandi málasniðmáti í málakerfi. - Öll gögn vegna samskipta við umsækjanda skal vista undir málinu í málakerfi. Ath. Senda skal nýja umsókn ef uppskera hefur ekki átt sér stað í 3 mánuði.
2.Samþykki sýnatöku	Tölvupóstur	2. Fagsviðstjóri skeldýra (FS) fer yfir stöðu svæðisins og skoðar hvort sýni til greiningar á örverum og mengunarefnum hafi verið tekin í samræmi við eftirlitsáætlun svæðisins og nýtingu þess. Ef þörf er á frekari sýnatökum eru þær skipulagar. Ef niðurstöður eru í lagi geta greiningar á eitruðum þörungum og þörungaeitri leitt til uppskeruheimildar. Farið er yfir sýnatökuaðferðir með viðkomandi. Svar sent í tölvupósti úr málinu. Sjá einnig LBE-089 sem styðjast skal við þegar ákvörðun er tekin um hvaða tegundir þörungaeiturs skuli greina.
3.Sýnataka	Sýnatökuseðill / málakerfi	3. Framleiðandi tekur sýni af sjó skv. LBE-048 og af skel skv. LBE-021 og fyllir út sýnatökuseðla EBL-020 (fyrir skelfisk) og EBL-087 (fyrir sjó) sem eiga að fylgja sýni og afrit skulu send til MAST. Sýni skal senda á viðurkenndar rannsóknarstofur sem MAST tilgreinir í leiðbeiningunum og í LST-032.
4.Mat og skráning á niðurstöðum	K drif	4. Rannsóknastofa sendir niðurstöður til MAST. Niðurstöður eru skráðar í excel skrá sem er vistuð undir heitinu EftirlitsnidurstodurSkelfiskurdags á K:/Skelfiskur eftirlitsniðurstöður og leggur FS mat á niðurstöður skv. þeim viðmiðunarmörkum sem skilgreind eru í skjalinu LBE-071. Ef upp koma vafamál og hættuástand skal kalla til viðbragðshóp sbr. LBE-072 sem tekur ákvörðun um opnun/ lokun/ frekari sýnatökur/ innköllun afurða.
5.Svæði opnað / lokað	Málakerfi / heimasíða	5. Ef niðurstöður standast kröfur sbr. lið 4 er svæðið opnað og er það opið í ákveðinn tíma frá því að niðurstöður berast sem er háður tegund og árstíma sbr. LBE-089 og LBE-090. Framleiðenda tilkynnt niðurstaða í tölvupósti (sjá t-pósta í eldri málum). Niðurstöður er settar inn á vefsíðu MAST sbr. LBE-118. Greiningakostnaður skráður í innheimtugrunn MAST.
Endir		